

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 AKUREYRIReykjavík, 10. mars 2016
Tilvísun: OS2016030010/50.6
Verknúmer: 1373002**Efni: Ábending vegna aðalskipulags Akureyrar 2018-2030**

Orkustofnun hefur borist tilkynning, dags. 22. febrúar sl. um auglýsingu fyrir aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 þar sem m.a. er óskað eftir ábendingum.

Fram kemur að í tillögnum varðandi áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, að hún, [rammaáætlun] hafi enga þýðingu fyrir Akureyri, því í áætluninni séu engin þannig svæði flokkuð innan Akureyrar. Orkustofnun tekur undir þau sjónarmið, en bendir á hvort rétt væri að Akureyri markaði stefnu m.a. um smávirkjanir og/eða vindorkuver og aðrar sjálfbærar orkunýtingarleiðir í umræddu Aðalskipulagi.

Leyfi Orkustofnunar þarf til að reisa og reka raforkuver. Um veitingu virkjunarleyfis fer að ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003, sbr. einnig reglugerð nr.1040/2005. Þegar sótt er um virkjunarleyfi þurfa fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir að vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði, sbr. 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr.1040/2005. M.ö.o. skipulag sveitarfélags um virkjunarkost verður að liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi fyrir umræddan kost.

Að því er varðar smávirkjanir telur Orkustofnun rétt að geta þess að engin skilgreining er lögfest á hugtakinu smávirkjun, en taka má mið af ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Einnig mætti líta til laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem aðeins tekur til virkjunarkosta yfir 10 MW að afli. Allir virkjunarkostir sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu, vindorkuver með minna en 2 MW rafafli, eru tilkynningarskyldir til Skipulagsstofnunar sbr. 1. Viðauki 3.25 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Velta má fyrir sér, hvort ekki væri réttast að tala um örvirkjanir, þegar um er að ræða virkjanir undir 1 MW, smávirkjanir á bilinu 1 til 10 MW og stórvirkjanir yfir 10 MW. En meðan núverandi óvissa ríkir um hugtakið væri e.t.v. réttast að skilgreint væri í MW talið, hvað átt sé við með smávirkjun í aðalskipulagi.

Að lokum vill Orkustofnun benda á vindorkuver, sem sjálfbæran orkunýtingarkost fyrir Akureyri og nágrenni. Vindorka fellur undir ákvæði raforkulaga eftir því sem við á, en *raforkuvinnsla* felur í sér *umbreytingu á orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku*, sbr. 22. tl. 3. gr. raforkulaga. Vindorkuver er sjálfstæð véltæknieining sem breytir vindorku í rafafli.

Þar sem skilyrði til þess að reisa vindorkuver eru misjöfn eftir aðstæðum í landslagi, er rétt að huga að mögulegum svæðum fyrir slíka sjálfbæra orkunýtingarkosti í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Einkum á þetta við ef vindorkuverum er komið fyrir, nokkrum saman, í vindmyllugörðum eða búum. Að mati Orkustofnunar kæmi eftir atvikum til álita að tengja minni vindorkuver (vindmyllu/myllur) við vatnsorkuver á Akureyri, t.d. Glerárvirkjun, ríki vilji til þess.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra
Skúfi Thoroddsen
Kristinn Einarsson